

Fundur fræðslunefndar  
Fimmtudagur 9. nóvember 2006.

Fræðslunefndarfundur að Húnavöllum. Mæting samkvæmt undirritun.

Ægir setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Þorkell skýrði frá væntanlegu barnsburðarleyfi fyrir þrjá kennara. Hann leggur til að Guðrún Bjarnadóttir verði ráðin sem afleysingakennari fyrir Áslaugu frá áramótum og Eva Therese Thörn sem afleysingakennari fyrir Valgerði í janúar. Eva hefur lokið einu ári í Kennaraháskólanum.

Fræðslunefnd mælir með því að þessir einstaklingar verði ráðnir í þessar afleysingar.

Þorkell ræddi fjárhagsáætlun og “óskalista” og leggur til að áætlað verði 1,5 milljón kr. í viðhald og endurnýjun tækja og tóla og að honum, fjármálastjóra og sveitarstjóra verði falið ráðstafa því fjármagni.

Fram kom að endurnýja þarf eitthvað af tölvum, töflum í skólastofum o.fl. Fræðslunefnd mælir með tillögu Þorkells, að sótt verði um 1,5 milljón kr. og að fræðslunefnd verði upplýst reglulega um ráðstöfun fjárens.

Þorkell sagði frá því að tveir nemendur eru að nefja nám í skólanum í 6. bekk og 9. bekk.

Þorkell ræddi sparkvöllinn og að mikilvægt sé að málinu verði fylgt eftir. Fræðslunefnd leggur áherslu á að farið verði í það sem fyrst að undirbúa og hefja framkvæmdir við gerð sparkvallar.

Leikkona kemur n.k. mánudag, Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir og mun æfa með nemendum fyrir árshátíð næstu tvær vikur.

Ægir sagði frá því að nefndin þurfi að funda fljótlega með fulltrúum sveitastjórnarinnar.

Fram kom hjá nefndarmönnum að þeir hafa ekki fengið erindisbréf fræðslunefndar í hendur.

Fleira ekki gert, fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið.

Þóra Sverrisdóttir

Eline Schrijver

Kristín Pálsdóttir

Þorkell Ingimarsson

Orrí Jóhannsson

Ægir Sigurgeirsson

Kristín Rós Sigurðardóttir

Jóhanna Gunnlaugsdóttir